

Breytingarnar eru eftirfarandi:

- Á lóðum nr. 27 og 29 við Melabraut breytist landnotkun úr iðnaði í verslun.
- Á svæði milli Suðurbrautar og Hvaleyrarbrautar verði miðað við hámarkslóðarnýtingu 0,5 í stað 0,4 áður, en gert er ráð fyrir að lóðarnýting verði allt að 0,7 á lóðum nr. 17 og 21 við Melabraut.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hafnarfjarðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisiráðuneytinu, 6. nóvember 1998.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag iðnaðarsvæðis á Hvaleyrarholti.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann 30. júní 1998 deiliskipulag iðnaðarsvæðis á Hvaleyrarholti. Deiliskipulagið nær til svæðis milli Suðurbrautar og Hvaleyrarbrautar í Hafnarfirði. Á svæðinu er gert ráð fyrir iðnaði og þjónustu og að almenn lóðanýting verði allt að 0,5 en lóðanýting á lóðunum nr. 17 og 21 við Melabraut geti verið allt að 0,7.

Tillagan var auglýst, samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, frá 10. júlí til 7. ágúst 1998 og yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 6. nóvember 1998.

Magnús Gunnarsson, bæjarstjóri Hafnarfjarðar.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í sveitarfélaginu Borgarfirði.

Hreppsnefnd í sveitarfélaginu Borgarfjörður, Borgarfjarðarsýslu, hefur samþykkt deiliskipulag fyrir jarðirnar Hýrumel og Stóra-Ás.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt lögum nr. 73/1997 og skipulagsreglugerð nr. 318/1985.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Borgarnesi, 16. nóvember 1998.

F.h. hreppsnefndar,

Ólafur K. Guðmundsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.